



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Kynningu á drögum að nýrri innkaupastefnu Reykjavíkurborgar

Á síðasta kjörtímabili var skipaður stýrihóp sem vann mikla vinnu í samráði við svið borgarinnar við gerð nýrrar innkaupastefnu. Vinnan var langt komin en því miður náði hópurinn ekki að ljúka þeirri vinnu áður en kjörtímabilinu lauk og hafði ekki umboð til að halda áfram eftir að nýtt kjörtímabil hófst.

Í októbermánuði 2022 hófst stefnumótun fjármála- og áhættustýringarsviðs. Samhliða vinnu við stefnumótun sviðsins var óskað eftir aðstoð við framsetningu á innkaupastefnu Reykjavíkurborgar. Fyrir lágu gögn stýrihóps frá síðasta kjörtímabili.

Nú eru fyrirhugaðar breytingar á skipulagi innkaupa til að þær nái fram að ganga er mikilvægt að ný innkaupastefna verði sett fram. Meðfylgjandi drög að innkaupastefnu sem unnin er á grunni þeirra vinnu sem stýrihópurinn um gerð nýrrar innkaupastefnu vann á síðasta kjörtímabili. Óskað er eftir því að innkaupa- og framkvæmdaráð taki fyrir og vísi til borgarráðs sem komi drögum að stefnu í samráðsferli.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir
Fjármála- og áhættustýring
Skrifstofa sviðsstjóra

Hjálagt:

Kynning á drögum að innkaupastefnu Reykjavíkurborgar

Trúnaðarmerkt minnisblað um breytta skipan innkaupamála.